Ágætu kirkjugestir

Gleðilegan sjómannadag

„Þeir horfa beint ofan í sogandi sjóinn. Himinninn löngu horfinn yfir þeim, hér er enginn himinn lengur, enginn sjóndeildarhringur. Báturinn nær aftur jafnvægi, það eru æfð handbrögð og Pétur stýrir vel. Byrjað að rjúka úr sjónum, gusur og úði ganga yfir þá, þeir súpa allir hveljur nema Bárður sem er þögull og reynir að ausa bátinn en á erfitt með að halda á ausunni sökum kuldans sem smýgur gegnum klakabrynjuna, vindurinn þeytir þeim áfram, þeir sigla með heimskautavind á hælum sér, snjókoman eltir þá, hún hleðst á bátinn og seglin og frýs þar. Mennirnir reyna að lemja snjóinn af, þeirra hluverk er að lifa og þeir hamast allir nema Pétur sem stýrir kuldakrepptur, dofinn í andliti, ekkert framundan nema ólmandi sjórinn og snjókoman, en Pétur þarf ekki að sjá neitt, áttirnar búa innra með honum og hann reynir að stýra þeim rétta leið, eins og vindur leyfir.“

……

„Bárður kemur enn nær, börðin á sjóhöttunum beyglast og enni þeirra snertast, ekkert er mér indælt, utan þín, muldrar Bárður, ljóðlínan skrifuð í bréfið sem Bárður hafði klárað í gærkvöldi, stílað á Sigríði sem stendur kannski núna við strokkinn í sveitinni einhverstaðar bak við óveðrið, sé eitthvað til utan við þetta óveður, þessa bátskænu og þessa snjókomu sem vindurinn tætir í sundur og fleygir framan í þá. Strákurinn heldur áfram að lemja frostið af segli og bát, honum er léttara um andardrátt. Vissan um að Bárður láti ekki frostið buga sig gefur honum aukinn kraft, blíður er árblær, og um stund gleymist allt nema átakið við að lemja frost og snjó af segli, nema baráttan fyrir lífinu,“

……

„Strákurinn er kominn úr vettlingunum og nuddar kalt andlit vinar síns, starir í augu hans, andar á þau, hvíslar, segir eitthvað, strýkur vangana, hann slær þá og hann öskrar og biður og hann hvíslar en það gerist ekkert, tengslin á milli þeirra hafa rofnað, kuldinn hefur slegið eign sinni á Bárð.

Strákurinn lítur aftur fyrir sig, á mennina fjóra sem berjast fyrir lífi sínu, berjast í sameiningu, lítur aftur á Bárð sem er aleinn, það kemst enginn lengur að honum, nema kuldinn. Ekkert er mér indælt, utan þín.“

Þessa mögnuðu lýsingu í þremur hlutum er að finna í bókinni „Himnaríki og helvíti“ eftir Jón Kalmann Stefánsson.

En hvers vegna geri ég þessa atburðarás að upphafsorðum mínum hér?

Jú það er gert í tilefni af sjómannadeginum. Minnt er á hvernig sjósókn fyrr á tímum gat verið erfið, andstyggileg – engu eirt. Sagt er frá baráttunni, samtakamættinum og að þeir treystu hvor öðrum. Stórkostlegri þekkingu formannsins og innsæi á siglingaleiðinni þegar ekki sást út úr augum fyrir stórhríð og myrkri.

En á örskotsstundu spýttumst við inn í þægindin, þægindin sem við öll erum að leita að. Þægindin sem færa okkur vellíðan, hamingju og öryggi. En við megum ekki sofa á verðinum eitt andartak, hvorki sjónum – í lífsins ólgu sjó, - ekki við störfin sem okkur eru falin, ekki vegna þægindanna sem komu svo skyndilega. Við þurfum að hlúa að öllu, við þurfum að rækta það, við megum ekki láta falla á það og láta möl og ryð granda því.

Við bergjum af bikari lífsins, í honum er grugg æðibunugangsins, grugg okkar allra sem þykjumst geta gert margt í einu, gruggið af sundurtættu traustinu, áreiðanleikanum, virðingunni, orðsporinu. Allt er í heiminum hverfult. Eins og hendi væri veifað féll það ofan á okkur.
Við erum enn að fikra okkur gegnum þokuna, mistrið, öskuna sem ekki var ábætandi. Þjóðfélag okkar er sundurtætt. Núningur yfirvalda og valdastétta er harkalegur. Við blossum upp við minnsta tilefni. Við köllum eftir hefnd. Við köllum eftir refsingu. Lái okkur hver sem vill.

Kærleikurinn og fyrirgefningin eru lífsgildi sem okkur voru kennd. Hlýðni og virðing fyrir góðum gildum og siðum eru líka á lífsbrautinni. Brautinni sem mörgum reynist nú svo erfitt að feta. Þessi gildi eru þarna enn, trúið því. Þótt gruggið hylji sumt eru þau á yfirborðinu.

Allir geta gert mistök, en þau leiða oft á tíðum til lærdóms og til verður þekking sem byggja má á. Sá sem mistökunum olli galt fyrir. Við fyrirgefum oft með semingi, en fyrirgefning er það og hana eigum við að hafa í hávegum.

En getum við treyst viðkomandi. Taustið sem hann hafði byggt upp á löngum tíma hvarf á augabragði. Við erum efins. Lái okkur hver sem vill.

Hér var tekið dæmi af einstaklingi, ég hefði alveg eins geta talað um fyrirtæki, ég hefði alveg eins getað sagt Ísland, landið okkar. Traustið sem aðrar þjóðir báru til okkar verður endurheimt, en það mun taka langan tíma. Jafn langan að fá þá aftur sem voru okkur dýrmætastir, töluðu og störfuðu eins og Íslendingar þó erlendir væru.

Að lokum vil ég fara með ykkur kirkjugestir góðir til litils sjávarþorps.
Sagan er af trillukarli sem þar býr, fæddist og ólst þar upp og sýnir ekki á sér fararsnið.
Þegar ég hafði leitt hann í símtalinu gegnum undirskriftar og skjalaskóg stjórnvalda, sagði hann með þéttingsfastri áherslu: Hvað er þetta er manni ekki treystandi?

Eftir að hafa farið í gegnum viðeigandi útskýringar, sagði sá gamli:
„Örn!
Fyrir rúmum 30 árum þegar ég var að byggja mér hús, vantaði mig pening til að klára það. Ég vissi að ég gæti ekki fengið meira lánað í bankanum og kaupfélaginu. Ég vissi ekki mitt rjúkandi ráð, ég hafði aðstoð vina, en mig vantaði pening til kaupa efni. Vandræði mín spurðust til vinar míns. Hann sagði við mig: Þú skalt biðja hann Gunnar á Ásbrandsstöðum að lána þér. Gunnar – jú ég vissi hver hann var og hann vissi hver ég var, en ekkert meira en það. Nokkrir dagar liðu. Ég stóð allt í einu fyrir framan kaupfélagið og skyndilega birtist Gunnar. Ég ákvað þrátt fyrir mikla spennu að bera upp erindið við hann. Hann leit á mig og spurði: Hvað vantar þig mikið? Ég sagði honum það og hvenær ég gæti borgað honum. Hann bað mig að bíða og ég sá hann hverfa inn í kaupfélagið. Kom aftur eftir

drykklanga stund. Taldi peningana í hendur mínar. Tók í hönd mína og við kvöddumst.“

Þeir voru í sama liði. Þeir treystu hvor öðrum.

Kirkjugestir – ég þakka ykkur fyrir áheyrnina.